

## LÍNA FÍNA

Hringtrefill með mósaíkprjóni



Hringtrefillinn er prjónaður með mósaíkprjóni, aðferð sem Barbara Walker fann upp og er að finna í bókum hennar. Ef þið leitið á netinu getið þið fundið sýnikennslu á þessari aðferð undir Mosaic Knitting.

**Aðferð**

Notið tvo liti af garni. Prjónið 2 umf með hvorum lit (fram og tilbaka) til skiptis.

Byrjið og endið hverja umf á sléttri lykkju.

Það eru eingöngu notaðar sléttar lykkjur og óprjónaðar lykkjur í mynstrinu.

Takið óprjónaðar lykkjur eins og það eigi að prjóna þær brugðnar (aftan frá) með bandið fyrir aftan á réttunni, en með bandið fyrir framan á röngunni.

Trefillinn er prjónaður í einni lengju og saumaður saman í hring í lokin.

**Uppskrift/hönnun**

Guðrún Hannele

**Garn**

NORO Silk Garden Lite 2 x 50g af tveimur litum (A og B) að eigin vali, samtals 200g.

**Prjónar**

4½ mm hringprjón 60-80cm

**Stærð**

Trefillinn verður um 22 cm á breidd og 152 cm á lengd.

**Trefillinn**

Fitjið upp 51L með lit A.

**1. umf (réttan):** Allar L slétt.

**2. umf (rangan):** Allar L slétt.

**3. umf (réttan):** Litur B - 1S, \*1Ó, 3S, endurt frá \* þar til 2L eru eftir, 1Ó, 1S. (Sjá nánar undir aðferð hér að varðandi óprjónaðar L).

**4. umf (rangan) og allar umf á röngunni:** Þrjónið allar þrjónaðar L slétt og takið allar óprjónaðar L áfram óprjónaðar en með bandið fyrir framan.

**5. umf:** Litur A -2S, \*1Ó, 1S, endurt frá \* þar til 1 L er eftir, 1S.

**7. umf:** Litur B -1S, \*1Ó, 3S, endurt frá \* þar til 2 L er eftir, 1Ó, 1S.

**9.-10. umf:** Eins og 1.-2. umf.

Endurtakið 3.-10. umf þar til trefillinn er orðinn hæfilega langur.

Gangið frá endum. Skolið og leggið til þerris

## Orðlyklar


L = lykkja, lykkjur

S = slétt

umf = umferð

Ó = óprjónuð lykkja

## Mynstur með Línu fínu hringtrefli



Slétt á réttunni og á röngunni

Óprjónuð lykkja á réttunni og röngunni

Hver mynstureining er 4 L og 8 umf.

Ein mynstureining